

Garðabær
Frostaþing 8
210 Garðabæ

Reykjavík, 9. nóvember 2020
UST202010-180/P.V.B.
09.04.00

Efni: Umsókn um leyfi til framvæmda í fólkvanginum Hlið

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Garðabæjar, dagsett 19. október 2020, með uppfærðum teikningum 4. nóvember 2020, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Hlið.

Hlið er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 606/2020. Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf innan fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og þess gætt að raska ekki líffræðilegri fjölbreytni svæðisins. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til vegaf framkvæmda vegna aðkomuvegs að Hliði. Framkvæmdarsvæðið nær frá mörkum fólkvangsins við gatnamót Höfðabrautar og Búðarflög að lóðamörkum lóðar ferðaþjónustunnar Hliðar. Núverandi vegur er 4 metra breiður en nýja hönnunin gerir ráð fyrir að breidd akbrautar verði 5 m auk 0,25 m axla hvoru megin. Á um 50 m kafla liggur vegurinn mjög nærri sjóvarnargarði og stendur til að hliðra veginum á því bili um allt að 2 m til suðurs. Á hluta þessa kafla er talið æskilegt að hækka veginn örlítið upp í þeim tilgangi að auka sjónlengdir ökumanna. Þar sem nýr vegur verður lagður verða túnþökur teknar upp og geymdar. Túnþökurnar verða nýttar í þau sárasvæði sem mest áberandi í gamla vegstæðinu. Í þau svæði sem eftir standa verður sáð og í því sambandi fenginn garðyrkjufraeðingur til ráðgjafar varðandi blöndun á sáningu. Sáðblanda tekur þannig mið af þeim gróðri sem fyrir er á staðnum. Þar sem núverandi vegi verður hliðrað þarf að færa til veitulagnir frá Mílu og HS Veitum sem liggja í vegkanti núverandi vegar þannig að þær komi til með að liggja í fláafæti nýs vegfláa. Kort og teikningar sem sýna legu vegar og lagna vegna framkvæmdarinnar fylgdu með umsókn. Teikningar bílastæða sem til stendur að gera samhliða vegaf framkvæmdunum voru uppfærðar 4. nóvember 2020 með tilliti til marka fólkvangsins. Umferð vélknúna faratækja vegna framkvæmdarinnar er bundin við framkvæmdasvæðið. Að verkinu koma 4-5 manns og verður verkið unnið í nóvember 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur vegaf framkvæmdirnar ekki líklegar til að rýra verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu og bílastæði séu staðsett utan fólkvangs.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum vegna veglagningar innan fólkvangsins Hlið sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 5.-30. nóvember 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Óheimilt er að geyma efni vegna framkvæmdarinnar innan marka fólkvangsins.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Við uppgræðslu raskað svæðis skal notaðar staðargróður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vegna framkvæmda við bílastæði við við mörk fólkvangsins minnir Umhverfisstofnun á 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geti haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr. sömu laga.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur